





Reykjavík, 30. janúar 2025
USK24090209/BRSH

Bankastræti 14 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. janúar 2025 var lögð fram fyrirspurn Fákafens ehf., dags. 17. september 2024, um að setja upp gestamóttöku og gististarfsemi í rými merkt 2004486 á 2. hæð hússins á lóð nr. 14 við Bankastræti.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd, tekin af Já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Bankastræti 14 borgarluta 2 Miðborg og er hluti af miðborgarsvæði m1a.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir reitinn, samþykkt 8. október 2002, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 14 við Bankastræti var byggt árið 1972 og í því er að finna ýmsa verslun og þjónustu en á efstu hæðum er þar að finna gistiheimili, skv. fasteignaskrá.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að breyta notkun annarrar hæðar hússins í gistiheimili og koma fyrir móttöku í rými á jarðhæð.

Húsið er á skilgreindu miðborgarsvæði m1a, en í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 segir:

„Á svæði M1a má ekki breyta núverandi húsnæði, s.s. skrifstofuhúsnæði, íbúðum eða verslunarhúsnæði, í gististarfsemi.“

Í deiliskipulagi er ekki fjallað um gististarfsemi og skal því fara eftir ákvæðum aðalskipulags.

Niðurstaða

- Ekki er fallist á erindið, samræmist ekki aðalskipulagi.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.